

16. fundur

Safnanefnd Stykkishólms hélt fund miðvikudaginn 13. september 2000 kl. 17:30 í Ráðhúsinu.

Mættir voru undirritaðir.

Dagskrá:

1. Starfsemi Amtbókasafnsins.
2. Önnur mál.

Formaður setti fund og bauð nefndarmenn velkomna.

1. Starfsemi Amtbókasafnsins.

Sigurlína rakti sumarstarfið. Fram kom að viðhaldi safnsins miðaði í sumar, von er til að því verkefni ljúki í haust.

Tekið verður þátt í Norrænu bókasafnsvikunni “Norræn börn” 13. nóvember.

2. Önnur mál.

Bátasafn Breiðafjarðar. Magnúsi Sigurðssyni var falið að taka saman greinargerð um málið og er hún væntanleg bráðlega.

Rætt um hversu víðtækt safnið á að vera. Rætt um Breiðafjarðarsafn bókasafnsins.

Miklar umræður um hin ýmsu söfn á landinu sem nefndarmenn heimsóttu í sumar.

Fundi slitið kl. 19:00.

Guðrún Marta Ársælsdóttir, fundarritari (sign.).

Guðrún A. Gunnarsdóttir (sign.),
Sigurlína Sigurbjörnsdóttir (sign.),
Ægir Jóhannsson (sign.),
Laufey V. Hjaltalín (sign.).

Íhs.